



10. fundur stjórnar AP, starfsárið 2008-2009,
haldinn á Hótel Norðurljósum á Raufarhöfn, 5. júní 2009, kl.10:00.

Mættir: Björn Ingimarsson, formaður sem stjórnaði fundi, Aðalsteinn Á. Baldursson, Guðmundur Guðmundsson, Pétur Snæbjörnsson, Sigurgeir Höskuldsson og Birna Björnsdóttir. Enn fremur sátu fundinn Reinhard Reynisson framkvæmdastjóri og Ari Páll Pálsson starfsmaður AP, sem ritaði fundargerð.

1. Ársreikningur 2008.

Ársreikningurinn er tilbúinn, og áritaður af endurskoðanda án athugasemda. Framkvæmdastjóri fór yfir reikninginn.

Athugasemd var gerð við mismun sem kemur fram í verkefnastyrkjum í rekstrartekjum og skýringu 6 þar um. Haft var samband við endurskoðanda og er talan rétt í reikningi. Hann mun leiðrétta skýringu.

Spurt var um hækkun á launalið. Megin skýring hennar eru laun tengd sérstökum verkefnum sem einnig fela í sér tekjur, eins og lesa má úr töflu um framvindu verkefna í skýringu 11.

Stjórnin samþykkir og áritar ársreikninginn og verður hann lagður fram á aðalfundi, með þeim fyrirvara að hluthafar fái eintak með leiðréttingu á skýringu 6 senda að loknum fundi.

2. Aðalfundur.

- a) **Starfsmenn fundarins:** Stjórnin samþykkir að leggja fyrir aðalfund tillögu um fundarstjóra Birnu Björnsdóttur og fundarritara Ara Pál Pálsson.
- b) **Skýrsla stjórnar:** Skýrslan er tilbúin og verður dreift á aðalfundinum.
- c) **Tillaga um hvernig farið skuli með hagnað**
Hagnaði ársins verði ráðstafað í samræmi við ársreikning, þ.e. til hækkunar á eigin fé félagsins.
- d) **Tillaga um greiðslur til stjórnarmanna**
Nokkur umræða varð um þetta atriði á síðasta aðalfundi og var því beint til stjórnar að færa stjórnarlaun til samræmis við hliðstæða stjórnarsetu í öðrum félögum. Kannað var hvernig slíkum greiðslum er háttað hjá Norðurþingi og samþykkt að leggja fram tillögu sem tekur mið af því.
- e) **Tillaga um Endurskoðanda félagsins:**
PricewaterhouseCoopers hf., Björn St. Haraldsson, löggiltur endurskoðandi.
- f) **Hvatningarverðlaun 2009:** Ákveðið að veita verðlaunin til Hótel Norðurljósa fyrir eftirtektarverðan árangur í rekstri ferðaþjónustu og frumkvæði að nýsköpun.

3. Önnur mál

Engin önnur mál til umræðu og fundi slitið kl. 11:30.